

Tillaga að braytingu  
á orðalagi við 8gr.

fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggi að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi þegar leigusamningur fellur úr gildi.

#### 8. gr.

##### Frestun greiðslna

Þegar um er að ræða frestun greiðslu húsnæðisbóta frá Vinnumálastofnun skal Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þar til greiðsla húsnæðisbóta fer fram hjá Vinnumálastofnun. Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er jafnframt heimilt að fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þó að greiðsla húsnæðisbóta hafi farið fram enda séu ríkar málefnalegar ástæður fyrir því.

Í framangreindum tilfellum skal Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fresta greiðslu.

#### IV. Kafli

##### Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára námsmanna

#### 9. gr.

##### Sérstakur ~~ungmenna~~ húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára námsmanna.

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára námsmanna sem leigja herbergi á heimavist, námsgörðum hér á landi eða leiguherbergi í íbúðarhúsnæði vegna náms fjarri lögheimili.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjárðaila og nemur 60% af leigufjárhæð, þó eigi hærrí en 25 þúsund af leigufjárhæð. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Ákvæði 3.-6. gr. reglna þessara gilda ekki um sérsakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára námsmanna.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára námsmanna er samþykktur eina önn í senn og ber að skila staðfestingu á áframhaldandi námi ungmennis við upphaf nýrrar annar.

*Skola á Skotavísi*

Greitt er frá þeim mánuði sem umsókn berst, ekki er greitt aftur í tímann.